

Ár 2009, þriðjudaginn 15. sept., er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík af nefndarmönnum Halldóri Frímanssýni, Sigurði I. Halldórssýni og Helga R. Magnússýni.

Fyrir er tekið málið nr. 7/2009

Ungmennafélagið Neisti
gegn
Ungmennafélagi Langnesinga

Gögn málsins merkt nr. 1-2 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Ungmennafélagið Neisti
Fyrirsvarsmaður: Skúli Andrésson

Kærði:

Ungmennafélag Langnesinga
Fyrirsvarsmaður: Sölvi Steinn Alfreðsson

Mál þetta var mótttekið af skrifstofu KSÍ þann 18. ágúst s.l. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð með bréfi dags. sama dag og barst greinargerð kærða nefndinni þann 26. ágúst s.l.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að leikur Neista og UMFL sem fram fór þann 12. ágúst 2009 verði dæmdur UMFL tapður 0-3.

Kærði krefst þess að úrslit leiksins standi óbreytt.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Leikur UMFL og Neista fór fram 12. ágúst. s.l. og lauk með sigri UMFL 4-1. Kærandi heldur því fram að í marki UMFL hafi verið leikmaður fæddur árið 1996 en gjaldgengir til þátttöku í leikjum í 5. flokki eru einungis leikmenn fæddir árin 1997 og 1998. Því hafi lið UMFL verið ólöglega skipað og beri að dæma leikinn þeim tapðan 0-3 skv. gr. 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Kærði byggir kröfur sínar á því að þar sem leikur þessi hafi átt að fara fram 18. júní s.l. en verið frestað að ósk kæranda til 12. ágúst sé kæra of seint fram komin.

III.

Niðurstaða:

Í máli þessu er óumdeilt að UMFL notaði eldri leikmann í leik sínum gegn Neista þann 12. ágúst s.l. Samkvæmt gr. 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót telst lið sem mætir ólöglega skipað til leiks hafa tapað leiknum 0-3.

Kærufrestur telst frá þeim tíma sem leikur er spilaður en ekki frá upphaflega áætluðum leikdegi og var því kærufrestur í máli þessu ekki liðinn er kæra var lögð fram.

Með vísan til framanritaðs telst UMFL hafa tapað leik sínum gegn Neista 0-3.

V.

Úrskurðarorð:

Ungmennafélagið Neisti telst hafa unnið leik gegn Ungmennafélagi Langnesinga í Íslandsmóti 5. flokks karla sem fram fór þann 12. ágúst 2009 með markatölunni 0-3. Ungmennafélag Langnesinga skal greiða sekt að fjárhæð kr. 5.000 til KSÍ.


Halldór Frimannsson


Helgi R. Magnússon


Sigrður I. Halldórsson

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um Aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til Áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.